

L Ö G

15
19. maí

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana
vegna alþingishátíðarinnar 1930.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

I. *Um einkarétt á merki hátíðarinnar.*

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á árinu 1930 hafa einkarétt á merki alþingishátíðarinnar 1930, því sem hér er sýnt, og er engum heimilt, verzlunum né einstök-



um mönnum, að nota merkið eða setja á muni til sölu, nema leyfi ríkisstjórnarinnar komi til. Er ríkisstjórninni rétt að ákveða gjald fyrir slíkt leyfi samkvæmt tillögum undirbúningsnefndar hátíðarinnar. Þegar um verzlunarmuni er að ræða, sem inn eru fluttir, skal gjaldið vera hundraðsgjald af verði þeirra samkvæmt innkaupsreikningi, þó aldrei yfir 15%. Er tollstjóra í Reykjavík og lögreglustjórum annarsstaðar á landinu skylt að innheimta gjald þetta, og fer um innheimtuna og afhending munanna eftir sömu reglu og segir í lögum nr. 5, 3. apríl 1928.

15

2. gr.

19. maí

Gjaldi því, sem inn kemur fyrir söluleyfi á merkinu, skal varið upp í kostnað við alpingishátíðina.

II. Um öryggi flutninga á Þingvallavegum.

3. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að ákveða, að undangenginni skoðun, hverjar bifreiðar megi vera í notkun á vegunum milli Reykjavíkur og Þingvalla dagana 25.—29. júní 1930, að báðum meðtöldum.

4. gr.

Nú telja eftirlitsmenn bifreiða varhugavert, að einhver bilstjóri fari með bifreið á Þingvallavegunum daga þá, sem ræðir um í 3. gr., sakir skorts á æfingu eða af öðrum líkum ástæðum, þótt bilstjórapróf hafi, og er ríkisstjórninni þá heimilt að hanna þeim manni að stýra þar bifreið þessa daga.

III. Um lokunartíma sölubúða o. fl.

5. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt, að fengnum tillögum bæjarstjórnanna í Reykjavík og Hafnarfirði og stéttafélaga þar, að kveða á um, að lokað skuli, að einhverju leyti eða öllu, sölubúðum, skrifstofum, afgreiðslustofum og vinnustofum og útvinna látni niður falla á báðum stöðum dagana 26.—28. júní 1930, og einnig að setja ákvæði um, að hafa megi sölubúðir þar opnar að einhverju leyti sunnudaginn 29. júní.

IV. Um viðurlög o. fl.

6. gr.

Nú notar einhver merki alpingishátíðarinnar í heimildarleysi, eða flytur það inn á verzlunarmunum án leyfis, og skal hann þá sæta sekt, er nemi allt að tísföldu gjaldi því, er honum bar að greiða fyrir merkið.

Brot gegn ráðstöfunum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr., varða sektum, allt að 2000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sektarfé allt skal renna í ríkissjóð.

7. gr.

15

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála. 19. maí

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

16

19. maí

um

breyting á 1. gr. laga nr. 16, 7. maí 1928
[Laun embættismanna].

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

Fyrir orðin »til ársloka 1930« komi: til ársloka 1931.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Árnason.